

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Ágúst H. Bjarnason og Drauma-Jói

Hugleiðing um aðferðir

við rannsókn á ætlaðri

fjarskyggigáfu

Ritgerð til B.A.-prófs

Bjarni M. Bjarnason

Maí. 2019

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið
Guðfræði & trúarbragðafræðideild

Ágúst H. Bjarnason og Drauma-Jói
Hugleiðing um aðferðir
við rannsókn á ætlaðri
fjarskyggigáfu

Ritgerð til B.A.-prófs
Bjarni M. Bjarnason
Kt: 091165-4659
Leiðbeinandi: Pétur Pétursson
Maí. 2019

Efnisyfirlit

Fororð.....	4
I. Aðdragandi rannsóknar.....	5
II. Rannsókn Ágúst H. Bjarnasonar á Drauma-Jóa.....	8
III. Frásagnirnar.....	11
IV. Hugleiðingar.....	16
V. Bréfaskrif.....	17
VI. Lokaorð.....	22
Heimildaskrá.....	25

Fororð

Ágúst H. Bjarnason (1875-1952) lærði sálfræði og heimspeki við Hafnarskóla og lauk doktorsgráðu 1911, þá 36 ára gamall. Hann var skipaður prófessor við Háskóla Íslands sama ár og var þá fyrsti doktorinn sem þar starfaði, fyrir utan rektorinn *Björn M. Ólsen*.¹ Ágúst var síðan rektor háskólans árin 1918 og 1928. Hann skrifaði bækur um sálfræði jafnt sem heimspeki, en bók hans *Almenn sálarfræði* sem kom út 1916 var fyrsta íslenska frumsamda sálfræðibókin. Þar er meðal annars komið inn á rannsóknaraðferðir greinarinnar og rætur hennar í heimspeki. Þekktasta bók Ágústs var *Yfirlit yfir sögu mannsandans*, sem kom út í fimm bindum á árunum 1905–1915. Árið 1915 gaf Ágúst jafnframt út bókina *Drauma-Jói*, sem byggðist á fyrstu rannsókninni sem framkvæmd var hér á landi á sviði dulsálfræði (*para-sálfræði*, e. Parapsycology). Þar rannsakaði hann *Jóhannes Jónsson frá Ásseli* til að fá úr því skorið hvort hann byggji yfir fjarskyggningáfu. Þær sögur fóru af honum að ef menn næðu tali af honum í svefni þá gæti hann fundið glataða hluti og týnda sauði fyrir menn, sagt fregnir af fólki í fjarlægum landshlutum, jafnvel erlendis, sagt fyrir um skipakomur og fleira. Jóhannes, sem ævinlega var kallaður Drauma-Jói fæddist að Sauðaneskoti skammt norður af Þórshöfn, 24. apríl 1861 og var því 52 ára þegar Ágúst gerði tilraunir á honum sumarið 1914 á Vopnafirði. Þá var hann illa farinn af gigt en hann vann alla tíð hörðum höndum við landbúnaðarstörf, lengst af sem fjárhirðir og vinnumaður.

Foreldrar Jóa voru þau Jón Mikaelsson og Elísabet Magnúsdóttir, og var Jói yngstur átta systkina, en fyrir utan hann lifðu fjórar systur að verða fullorðnar, hin eru talin hafa dáíð í bernsku.² Í föðurætt Jóa var hann, samkvæmt Indriða Indriðasyni ættfræðingi³ “sjötti maður frá séra Einari Nikulássyni (galdrameistara) á Skinnastað í beinan karllegg og aðeins fjórði

¹ Ágúst H. Bjarnason (2018). Ágúst H. Bjarnason (2011).

² Hólmsteinn Helgason (1985), bls. 159. “Ég sem þetta rita, kannast við 3 systur Jóa og að nokkru æviferil þeirra, [...], en um hin veit ég ekkert, tel líklegast að þau hafi andast á ungum aldri þar sem barnadauði var þá mjög mikill...” (Bls. 159). Hingað til hefur verið talið að einungis þrjár systur Jóhannesar Jónssonar hafi lifað, fyrir utan hann, þær Arnþrúður, Aðalbjörg og Margrét. Arnþrúður dó barnlaus. Aðalbjörg átti tvö börn, og eitt barnabarn, sem dó ungt, en börn hennar dóu einnig. Margrét giftist Sigurði Jónssyni bónda á Fagranesi, og áttu þau eina dóttur, Sigríði, sem giftist Jóni Jónssyni, og átti með honum þrjú börn; Margréti, Sigurð og Jón. Mislingar bárust að Fagranesi 1916 og þá dóu mæðgurnar Margrét, Sigríður og Margrét yngri. “Eftir lifðu Sigurður og Jón. Sigurður varð síðar mikill forvígismaður í félagsmálum á Langanesi, t.d. bæði hreppstjóri og oddviti hreppsnefndar þar og lengi í stjórn Kaupfélags Langnesinga á Þórshöfn og um skeið stjórnarformaður þar. [...] En afkomendur þessara bræðra eru einu afkomendur Jóns Mikaelssonar og Elísabetar Magnúsdóttur frá Sauðaneskoti sem nú lifa. Ættleggur Drauma-Jóa horfinn að fullu.” Hólmsteinn Helgason (1985), bls 166-7. Við vinnslu þessarar ritgerðar kom í ljós að ein systir Drauma-Jóa enn, Guðlaug Jónsdóttir, lifði. Samkvæmt barnabarni hennar, Sunnu Pam Furstenau, þá flutti Guðlaug frá Vopnafirði til Norður Dakoda 1887, og á þar marga afkomendur, eins og sjá má á ættfræðivef vestur-Íslendinga: Icelandic Roots (2018).

³ Indriði Indriðason (2008).

maður frá galdra Ara bónda í Krossavík.”⁴ Hólmsteinn Helgason, sem þekkti vel til Jóa, taldi að draumgáfa hans, eða fjarskyggnin sem hann var frægur fyrir, hafi verið ættarfylgja sem blundað hafði nokkra ættliði, en komið fram í Jóa. Hún hafi verið samskonar eiginleiki og menn þeir sem í Íslendingasögnum voru sagðir “forvitrir” þjuggu yfir.⁵

Í þessari ritgerð er ætlunin að kanna aðferðafræðina að baki rannókn Ágúst á Drauma-Jóa, og hvernig hann rökstyður niðurstöður sínar.

Aðdragandi rannsóknar

Það var Guðrún Björnsdóttir frá Presthólum (1853-1936) sem fyrst sagði Ágústi sögur af Drauma-Jóa veturinn 1905-6. Guðrún sat í bæjarstjórn Reykjavíkur og var einn af stofnendum Kvenréttindafélags Íslands, en hafði á yngri árum verið í fóstri hjá móðurbróður sínum á Langanesi.⁶ Eftir að hún fór í nokkur ár til Kaupmannahafnar og snéri aftur til landsins kvæntist hún 1884 og settust hjónin að á Langanesi í rúma tvo áratugi, en á þeim tíma var Drauma-Jói virkastur sem sjáandi. Það var á engjaslætti á Ytra-Lóni norðaustur af Sauðanesi 1881 að hann var spurður út úr í svefni í fyrsta sinn, en það var gert reglulega upp frá því.⁷ Allt frá því að hann veiktist af taugaveiki 12 ára gamall tók hann eftir að hann gat haft upp á týndum hlutum í draumum ef hann einbeitti sér að því að hugsa um þá áður en hann lagðist til svefnis, en gerði þó engum kunnugt um þann eiginleika. Hann veiktist af taugaveiki í annað sinn á 15. ári, lá þá þungt haldinn og tóku menn eftir að hann átti til að syngja og tala upp úr mókinu. Hann er tvítugur þegar byrjað er að spyrja hann út úr í svefni og hann sagði sjálfur við Ágúst að draumar

⁴ Hólmsteinn Helgason (1985), bls. 158.

⁵ Hólmsteinn Helgason (1985), bls. 158.

⁶ Guðrún Björnsdóttir (2010).

⁷ Þegar hugsað er um hvernig Ágúst kemst að niðurstöðum um trúverðuleika sagna um Drauma-Jóa, þá er áhugaverður texti í frumhandritnu að verkinu tengdur þessum fyrsta þekktu draumi Jóa, texti sem Ágúst stríkar yfir, og birtist því ekki í bókinni. Í handritinu segir á bls. 44: “En ekki hefir Tryggvi um svarað syni sínum frekar heldur en mér, og má honum þó vera sagan einna minnstæðust, þar sem hann einmitt varð fyrstur manna til þess að uppgötva draumgáfu Jóa og gaf með þessu tilefni til, að farið var að spyrja Jóa í Svefni. *En einnig þetta ber vott um, að sagan muni vera sönn. Því hefði það, sem Jói sagði um hrútana, reynst markleysa, þá hefðu menn naumast farið að trúá svo á Jóa og frásagnir hans eins og þeir gerðu. Ekki var það þó, að sjálfs hans sögn, nærri alltaf rétt, sem hann sagði í svefninum, en þó oft á þeim árum.*” Hið yfirstrikaða efni, hér skáletrað, gefur til kynna að hann íhugar hvort rökfræðilega gangi upp að draga ályktun um sannleiksgildi sagna út frá því að Jói hafi verið spurður, og endurspurður, vegna þess að árangur, sem á eftir að sanna, hafi verið til staðar frá byrjun. Slíkur hugsanagangur gæti leitt til þeirrar ályktunar að sögurnar af Drauma-Jóa sönnuðu sig sjálfar, vegna þess hve margar þeirra fjalla um jákvæðann árangur af fjarskyggnin hans. Hver sem ástæðan kann að vera, þá hverfur Ágúst frá þessum hugsanagangi, og stríkar þetta út. Drauma-Jói (1915), LBS.417.NF, bls. 44.

hans hefðu verið áreiðanlegastir þegar hann var á milli tvítugs og þrítugs.⁸ Árið 1893 kvæntist Jóhannes og eftir það fara færri sögur af draumförum hans, bæði vegna þess að draumar um stolna hluti höfðu stundum komið honum í vandræði,⁹ og vegna þess að nú gætti konan hans þess að menn hefðu ekki aðgang að honum án samþykkis þeirra hjóna. Hinn ætlaði hæfileiki hans rénaði með árunum, að hans eigin sögn og að annarra mati.

Sögur Guðrúnar Björnsdóttur sem þekkti Jóhannes vekja áhuga Ágústs og hann biður hana í bréfi frá 1906 um að færa þær í letur fyrir sig og einnig að skrifa norður og útvega frekari upplýsingar um Jóhannes hjá ættingjum hans og vinum.¹⁰ Guðrún gerir þetta og smám saman safnast fleiri sögur í sarpinn um Drauma-Jóa úr ýmsum áttum, til dæmis frá guðfræðingnum *S.P. Sivertsen*. Ágúst biður svo gamlan nemanda sinn, *Ara Jóhannsson á Ytra-Lóni* að yfirfara sagnasafnið og fá sögurnar vottfestar eins og hann best getur, bera þær undir Drauma-Jóa sjálfan, og bæta við fleiri sögum ef þær berast honum til eyrna. Þetta gerir Ari og færir Ágústi safnið aftur aukið að magni. Ágúst skrifaði *Sálarrannsóknarfélaginu í London* og sýndi því nokkrar sögur. Varð það til þess að félagið hvatti hann til að rannsaka Drauma-Jóa¹¹ sem hann gerði á vormánuðum 1914.

Af þessu sést að það er komin átta ára forsaga af rannsóknum áður en Ágúst fer á fund Drauma-Jóa, og að hvatinn til þess kemur utan frá. Eftir alla þessa vinnu hljóta að hafa skapast vonir og væntingar varðandi ákveðnar niðurstöður úr rannsókninni.

Óljóst er hvort Ágúst hefði sjálfur verið sáttur við að láta rannsóknina fyrst og fremst snúast um sagnasafnið, og að athuga hvaða sögur hann gat fengið *vottfestar*, eins og hann kallaði það. Spyrja má, ekki síst í ljósi nokkurra erlendra dæma um fjarvísi sem Ágúst rekur strax í byrjun bókarinnar, hvort hann hafi verið svo viss um það fyrirfram að fyrirbærið væri raunverulegt að hann hafi varla talið nauðsynlegt að ganga úr skugga um ætlaða gáfu Drauma-Jóa með tilraun.

⁸ Drauma-Jói (1915), bls. 38.

⁹ „Ennfremur skal ég geta þess, að þar eð Jói oft með svörum sínum kom ýmsu óheiðarlegu upp um náungann, var hann hættur að láta spyrja sig þannig lagaðra spurninga, er gætu orðið nokkrum til tjóns og hafði þá jafnan konu sína, eftir að hann kvæntist, til að gæta þess ...“ Drauma-Jói (1915), bls. 72.

¹⁰ Drauma-Jói (1915), bls. 7.

¹¹ „Í bréfi til mín, dags. 7, desbr. farast Miss Johnson orð á þessa leið: »I should think it would certainly be worth while to try experiments with Joe, if he comes to Reykjavik at any time« , Drauma-Jói (1915), bls. 180.

Þegar hann hefur rakið erlent dæmi um fjarsskyggni þar sem *Emanuel Swedenborg*¹² og stúlkan *Ellen Dawson*¹³ koma við sögu, segir hann: „Þessar sögur ættu nú að vera nægilegar til þess að sýna, í hverju hin svonefnda fjarvísi er fólgin. En hvernig á nú að skýra þetta?“¹⁴

Spurningin er ekki um hvernig eigi að sanna, eða afsanna hæfileikann. Fjarvísi virðist strax í upphafi bókar vera, ef ekki staðreynd, þá að minnsta kosti mjög líkleg sem raunverulegt fyrirbæri. Aðeins þarf að skýra hvernig hún virkar.

Áður en Ágúst greinir frá tilraun sinni á Drauma-Jóa segir hann frá annarri tilraun sem gerð hafði verið 1903, af þremmenningunum *Snæbirni Arnljótssyni* verslunarstjóra á Akureyri, prófessori *Guðmundi Hannessyni*, og *Guðmundi Finnbogasyni*, sem síðar varð doktor í sálfræði sama ár og Ágúst H. Bjarnason, en þeir tveir voru fyrstu sálfræðidoktorar Íslands. Ágúst vitnar í það sem hann kallar skýrslu doktorsins, það er umsögn Guðmundar Finnbogasonar um rannsóknina, og virðist hún hafa verið það vel útfærð að spyrja má hvort hún hafi verið fyrsta *para*-sálfræðilega tilraunin sem framkvæmd var á Íslandi, fremur en rannsókn Ágústss ellefu árum síðar. Í þessari fyrri tilraun skrifa rannsakendurnir þrír hver um sig í sitthvoru herberginu, bæjar- og mannanöfn á tólf miða hver, draga svo einn úr hverjum bunka og setja þrjá miða blindandi í umslög. Verslunarstjórinn á Þórshöfn fór svo heim til sín og hafði Drauma-Jóa í heimsókn hjá sér í nokkrar nætur og lét hann reyna að segja sér hvaða orð væru rituð á miðana í umslögnum sem voru falin á Akureyri. Reyndist Jói ófær um það. Um niðurstöðuna tekur Guðmundur Hannesson af öll tvímæli: „... svo okkur blandaðist ekki hugur um, að tilraunin hefði með öllu mistekist.“¹⁵

Ágúst telur niðurstöðu tilraunarinnar þó ekki afgerandi því ekki sé ljóst hvort Jói hafi kannski nefnt eitthvað af orðunum sem stóðu á þeim 33. miðum sem kastað var. Þannig vísar hann tilrauninni á bug með þeim rökum að efni sem snerti hana ekki var ekki tekið til greina. Bendir þetta til að hann sé áfjáður í að halda þeim möguleika opnum að Drauma-Jói búi yfir fjarvísi. Þó má ætla að nóg hefði verið hjá honum að segja að þó að þessi tilraun, sem virðist aðferðafræðilega í lagi,¹⁶ benti til að Drauma-Jói byggi ekki yfir fjarvísi, þá mætti samt athuga

¹² Drauma-Jói (1915), bls. 11.

¹³ Drauma-Jói (1915), bls. 15.

¹⁴ Drauma-Jói (1915), bls. 19.

¹⁵ Drauma-Jói (1915), bls. 184.

¹⁶ Ef gagnrýna ætti tilraunina út frá því sem við vitum um Drauma-Jóa, sem byggir að mestu leyti á sögunum sem Ágúst safnaði saman um hann, þá mætti benda á að hún prófar nokkuð sem ekki er vitað til að Drauma-Jói gæti nokkur tíma gert. Þótt hann eigi að hafa getað séð hluti í fjarlægð og jafnvel skyggndst ofan í koffort, þá greinir engin saga frá að hann lesi á bréf sem er lokað í umslagi.

málið betur því sögunar af honum gefa ekki til kynna að hann hafi verið óskekull. Honum gætir því tekist betur upp í annarri tilraun.

Rannsókn Ágústs H. Bjarnasonar á Drauma-Jóa

Ágúst hittir Jóhannes Jónsson fyrst á Þórshöfn 22. júlí, 1914, og eiga þeir samverustundir þar reglulega í nokkra daga, en Ágústi finnast aðstæður ekki góðar til rannsókna. Þeir ferðast saman suður til Vopnafjarðar því þaðan er símsamband til Reykjavíkur. Þar á gistihúsi fer tilraunin fram á þremur dögum, frá 27-30. júlí. Ágúst fær lækinn á staðnum, *Ingólf Gíslason* til að vera vott að tilrauninni. Er þeir hefjast handa segir Ágúst:

„Loks símaði ég kl. 8 um kvöldið til G. J. Ólafssonar símsstjóra í Rvk og bað hann um að gera eitthvað það úti undir beru lofti það kvöld eða þá nótt í Rvk, er menn gætu auðveldlega komið auga á, er þeir nálgust bæinn. Var það meiningin, að Jói ætti að reyna að verða þess áskynja um nóttina.“¹⁷

Ágúst má ekki vita hvað það er sem G. J. Ólafsson gerir, en daginn eftir hringir hann í símsstjóran og fær að vita það: *„En hann sagði, að flaggað hefði verið á húsi Guðjóns Sigurðssonar úrsmíðs, einhverju hæsta húsi í miðbænum, og 2 handklæði hefðu verið hengd út á símagrindina á símsstöðinni í Rvk.“*

Sá sem les Drauma-Jóa kann að spyrja sig nokkurra spurninga þegar hér er komið. Í fyrsta lagi; er þetta sem símsstjórinn gerir eitthvað sem einhver sem nálgast bæinn, vakinn eða sofinn, hefði auðveldlega komið auga á og velt fyrir sér?

Ef maður lætur þetta atriði liggja á milli hluta má spyrja; hvers vegna er mikilvægt að Ágúst viti ekki hvað símsstjórinn er að gera í Reykjavík? Ef það er af ótta við að Drauma-Jói lesi „bara“ huga hans og komist að hinu sanna þannig, þá væri það aðeins í samræmi við það sem hann gat hafa gert út frá sögunum sem Ágúst hafði safnað um hann. Í sumum þeirra vissi einhver í nágrenninu, það sem Drauma-Jói var talinn hafa uppgötvað í draumi sínum, og ef um náðargáfu var að ræða, var ekkert sem útilokaði að hugsanalestur væri hluti af henni. Tilraunin virðist upp að vissu marki fremur sniðin að hugmynd Ágústs um fjarskyggni, en út frá því sem sögunar segja að Drauma-Jói hafi verið fær um að gera.

Annað sem lesandinn kann að spyrja sig eftir að hafa lesið allan kaflann um tilraunina, er; út á hvað gekk hún eftir þennan fyrsta dag? Ágúst biður símsstjóran að gera eitthvað í

¹⁷ Drauma-Jói (1915), bls. 187.

Reykjavík, sem Drauma-Jói á að segja frá hvað er. Daginn eftir fær Ágúst að vita hvað það er. Síðan líða tveir sólarhringar, þar sem næturnar eru notaðar í að tala við Drauma-Jóa, og reyna að leiða hann í svefni til Reykjavíkur. En þá hefur ekki verið sagt hvort Ágúst hafi beðið símstjórnann um að gera eitthvað annað sem Drauma-Jói á að uppgötva í bænum. Ef það er það sama, flaggið og handklæðin, hvers vegna má Ágúst þá núna vita af hvað það er sem Jóhannes á að sjá í Reykjavík?

Erfitt er að átta sig á út á hvað rannsóknin gengur frá 28 til 30. júlí. Strax í upphafi rannsóknar annan daginn, 28. spyr Ágúst Jóhannes í svefni hvort hann sjái *gulleita húsið*. Ekki er komið neitt fram um gulleitt hús svo ómögulegt er að vera viss um hvað átt er við. En ekki er ólíklegt að hann eigi annaðhvort við hús Guðjóns Sigurðssonar úrsmiðs, þar sem flaggað var, eða símstöðina þar sem handklæðin voru hengd á símagrindina. Ef það er ennþá þetta sem Drauma-Jói á að sjá, þá verður að gera ráð fyrir að lítið sem ekkert markvert geti gerst í Reykjavík sem sá tæki eftir, sem veitti einhverju óvenjulegu athygli. Hefði til dæmis brotið vagnhjól og hlass oltið út á götu sætt meiri tíðindum en handklæðin á símagrindinni? Og það verður að gera ráð fyrir að sá fjarskyggni ferðist um bæði í rúmi og tíma, það er aftur til þess tíma að flaggað var og handklæðin lögð út. Hér er búið að breyta forsendum tilraunarinnar frá því sem var lagt upp með og var hún þó ekki sérlega skýrt skilgreind til að byrja með, að minnsta kosti ekki á nútíma mælikvarða.

Það sem einkennir tilraunina þessa tvo seinni daga eru leiðandi spurningar sem beinast til viðfangsins; „*Geturðu ekki hafið þig hærra, séð yfir?*“¹⁸ Og: „*Þú ætlaðir að komast til Rvíkur. – Já, það er þungt, þungt! – Reyndu það. – Já –*“¹⁹ Hér sem víðar sést að skilin milli rannsakanda og viðfangs eru ekki skýrt afmörkuð, rannsakandinn hefur mikið svigrúm til að reyna að hafa áhrif á viðfangið, sérstaklega eftir því sem líður á rannsóknina. Hugsanlegt er að Ágúst virðist gera sér grein fyrir því að rannsóknin er í frjálslægri kantinum því kómískt element fær að fljóta með í skýrslunni:

„(Ég) *Spyr: Sérðu nokkuð? – Læknirinn (votturinn að rannsókninni) líka sofnaður og hann svarar Já! En Jói engu. Læknirinn vaknaði þó þegar.*“²⁰

Það að aðstoðarmaðurinn vaknar þó strax, segir lesandanum að tilraunin er enn tekin alvarlega. En eftir að læknirinn fer klukkan fjögur að nóttu, heldur skýrslan þó áfram og greinir

¹⁸ Drauma-Jói (1915), bls. 191.

¹⁹ Drauma-Jói (1915), bls. 192.

²⁰ Drauma-Jói (1915), bls. 192. Allt eins líklegt er að lýsingin sé ekki ætluð sem kómískt innlegg, heldur sýni áherslu Ágústs á að skrá allt sem fram fer.

frá draumi Jóhannesar sem hann segir frá um fótaferðamál. Þannig leysast formlegheitin hvað snertir að hafa vott að tilrauninni líka upp undir morgun þann 29. júlí. Læknirinn mætir þó aftur um kvöldið:

„Þann 29. Júlí að kvöldi komum við læknirinn um 12 leytið inn til Jóa. Hann var sofnaður, og nú átti læknirinn að spyrja hann og reyna að leiða hann (með suggestion) alla leið til Reykjavíkur, af því að hann var þaukunnugur allri landleiðinni.“²¹

Hér kann lesanda að þykja áherslan á að Drauma-Jói dreymi Reykjavík orðin nokkuð mikil, og að hugmyndin um að hægt sé að leiða dreymandi einstakling á ákveðinn stað sé alls ekki jafn sjálfsgöð og hún virðist í textanum. Jafnvel má líta á viðleitnina að leiða dreymandi einstakling í huganum frá staðnum þar sem hann sefur, á annan stað í fleiri hundruð kílómetra fjarlægð, sem tilraun í sjálfu sér. Sú tilraun, inni í tilrauninni, heppnast þá kannski best af því sem reynt er á Jóa þessa þrjá sumardaga á Vopnafirði, þó að sú Reykjavík sem hann ratar til að lokum sé ekki fyllilega eins og sú borg sem Ágúst þekkir sem slíka, nokkuð sem er kannski óvænt niðurstaða út af fyrir sig, sem kanna hefði mátt frekar. Hvernig var Reykjavík Drauma Jóa, sem þangað kom aldrei nema í draumi?

Athygli vekja svör Jóhannesar þegar læknirinn reynir að stýra honum í svefninum til höfuðstaðarins. Jóhannes sér í draumi sínum mann í hárrí brekku:

„Nú syngur hann: Svíf þú nú sæta –,, Ætlarðu ekki að halda áfram? (spyr læknirinn) – Tapaði mér alveg. Kannski ég fari að hugsa um það. Já. Nú já, nú er ég að fara yfir „heiði háa“, en ekki altaf „yfir holt og móa gróa.“²²

Hér skreytir „sofandi“ einstaklingur, eða maður í einhverskonar transkenndu ástandi, lýsingar sínar með tilvitnunum í söngtexta. Má ef til vill íhuga hvort viðfangið skynji að það mun ekki ráða fram úr verkefninu og reyni af veikum mætti að heilla rannsakendurnar með öðrum hætti.²³ Nokkrum línunum neðar lýkur svo hinni formlegu rannsókn²⁴ án nokkurs jákvæðs

²¹ Drauma-Jói (1915), bls. 197.

²² Drauma-Jói (1915), bls. 199.

²³ Sambandið milli rannsakanda og viðfangs verður auðveldlega tilfinningalegt og fer að einkennast af vináttutengslum. Hluti af þessu ferli getur verið að viðfangið heilli rannsakandann með hætti sem hefur ekkert að segja um hæfileikann sem skal kannaður, en getur haft áhrif á hvernig hann er metinn. Til dæmis þegar Svissneski sálfræðingurinn Théodore Flournoy rannsakar Héléne Smith þá hrífst hann af henni á þeirra fyrsta fundi vegna upplýsinga sem Flournoy býr yfir sem hún gæti hafa öðlast með eðlilegum hætti: „At their first séance together, Smith impressed the psychologist by revealing her knowledge of deceased members of his family.“ Lachapelle, Sofie (2011), bls. 67.

²⁴ Ágúst heldur þó tilraunum áfram með tvennum hætti, annarsvegar biður hann Jóhannes um að í draumum sínum leita að brjóstnál sem kona hans glataði, og skrifast þeir á um þetta efni, hins vegar biður hann Jóhann Tryggvason bókhaldara á Þórshöfn um að halda tilraunum áfram á Drauma-Jóa. Hvorugt skilar árangri.

árangurs og við taka greiningar og hugleiðingar Ágústs. Það sem þar kemur fram mest afgerandi er eftirfarandi:

„Árum saman, einkum á aldrinum frá tvítugu til þrítugs, virðist Jói hafa haft mikla draumskygnisgáfu til að bera. Úr því, og einkum eftir að hann kvæntist, fór að bera minna á gáfu þessari, en þó kom hún stundum áttakanlega í ljós eftir það eins og sjá má af sögunni um kofort Jóns Skinna.“²⁵

Af þessu er ljóst að Ágúst vegur gildi sagnasafnsins um Jóhannes meira en beinu tilraunirnar á honum, því þótt þær reynist árangurslausar, bæði hjá honum sjálfum og þremmingunum Snæbirni Arnljótssyni, Guðmundi Hannessyni, og Guðmundi Finnbogasyni,²⁶ þá dregur hann þá ályktun að viðfangið hafi búið yfir fjarskyggnigáfu út frá sögunum. Þannig virðist tilgangur tilraunarinnar hafa verið að sanna gildi sagnanna, en hún er hins vegar ekki fær um að afsanna þær. Svo virðist sem tilraunin hefði aðeins getað talist marktæk ef hún hefði gefið jákvæða niðurstöðu. Ágúst skrifar síðan skýrslu um rannsókn sína á Drauma-Jóa fyrir *Journal of the Society for Psychical Research* árið eftir undir titlinum *An Icelandic Seer: Report on a supposed case of travelling clairvoyance*. Skýrsluna, sem birtist sama ár og bókin, endaði hann á áþekkri niðurstöðu og hér er vitnað í að ofan:

„For many years, especially between 20 and 30 years of age, he has been gifted with travelling clairvoyance in a high degree, but since his marriage this has gone on decreasing, and at present it is impossible to affirm whether it still exists or not.“²⁷

Hér kynni lesandi að hugsa sem svo að loka setningin sé ónákvæm þar eð halda má því fram að beinar tilraunir geti sýnt fram á að gáfan sé ekki til staðar. Það sem þær geta hins vegar ekki sýnt er að hún sé til staðar.

Frásagnirnar

Af þeim 37. sögum sem Ágúst safnaði um Drauma-Jóa, áleit hann sex þess eðlis að hvorki væri hægt að sanna þær né afsanna. Þrjár taldi hann ósannar, fimmtán sannar að hluta, en þrettán sannar. Það eru þessar þrettán sögur sem hann segir að búi yfir fullgildum jákvæðum

²⁵ Drauma-Jói (1915), bls. 203. Til marks um að þetta sé þýðingarmikill texti í bókinni að þetta er eini textinn í handritinu sem Ágúst undirstrikar, ásamt nokkrum línnum sem koma í kjölfarið, eða nákvæmlega: “Árum saman, einkum á aldrinum frá tvítugu til þrítugs, [...] og hægt sé þá að gera þær tilraunir við Jóa, er taki af skarið.” Drauma-Jói (1915), LBS. 417. NF, bls. 148.

²⁶ Sem þó prófuðu hann þegar meint gáfa hans var talin virkar.

²⁷ Drauma-Jói (1915), bls. 76.

sönnunum²⁸ sem halda uppi ályktun hans þess efnis að Drauma-Jói hafi búið yfir fjarskyggniáfu. Áhugavert er að skoða þessar sögur og rökstuðninginn að baki niðurstöðunni um að þær séu ósviknar. Um er að ræða eftirfarandi frásagnir:

Sögurnar þrettán.

1. *Hrútarni*. *Doc. theol.* S. P. Sivertsen hefir sögu þessa eftir Jóa sjálfum.

5. *Lýsir ferðum manns*. Jóhann Gunnlaugsson segir frá.

11. *Sér kofortin á Húsavík*. Frú Guðrún segir frá.

12. *Budda séra Halldórs*. Frú Guðrún segir frá.

13. *Budda séra Vigfúsar*. Frú Guðrún segir frá.

15. *Raufahafnarskipið*. Frú Guðrún segir frá.

18. *Ísaums-axlaböndin*. Frú Guðrún segir frá.

23. *Hálsmenið*.²⁹

27. *Kofort Jóns Skinna*. S. P. Sivertsen hefir sögu þessa eftir Jóhanni hreppstjóra Gunnlaugssyni.

29. *Segir fyrir um skipakomu*. S. P. Sivertsen dócent hefir sögu þessa eftir Drauma-Jóa.

34. *Jói vísar til lambs*. Björn Guðmundsson á Hallgilsstöðum segir frá.

35. *Strandferðin. Jói bregður sér austur á Langanesstrendur*. Pétur Metúsalemsson segir frá.

36. *Tófuyrðlingurinn*. Ari Jóhannesson segir frá.

Tvær af sögunum á þessum lista eru frá Drauma-Jóa sjálfum, sögur 1 og 29. Í sögu 1 *Hrútunum*, eru það tvö vottorð um sannleiksgildi sem bera uppi sönnunargildið. Í sögunni sem snýst um hrút sem er týndur, kemur *Tryggvi Jónsson* bóndi á Ytra Lóni fyrir sem sá sem leitar til Drauma-Jóa eftir aðstoð. Hann er þó ekki sá sem vottar söguna, heldur *Jóhann hreppstjóri Gunnlaugsson* sem segir: „ég votta það, að ég var á engjum og heyrði glögt, þegar Tryggvi Jónsson, mágur minn, spurði Drauma-Jóa um hrútana í sögu þessari, og er þar sagt rétt og satt

²⁸ Drauma-Jói (1915), bls. 176.

²⁹ Frásögn í »Syrpu« 1. Árg., 1911, 2. H, bls 108. Í handritinu að Drauma-Jóa, sem geymt er á handritadeild Landsbókasafnsins, er yfirstrikaður texti tengdur þessari sögu, sem er áhugaverður því hann gefur innsýn í vinnuaðferðir Ágústs við rannsókn hans á sögunum: “Gott væri, að fá þessa sögu staðfesta bæði af húsmóður Jóa, konu Helga Guðlaugssonar, og af þeirri Hofssystirinni, sem tapaði meninu og helst af þeim, sem fann menið. Eins væri gott að fá vottfest, að menið hefði fundist eftir tilvísun Jóa og að Jói hefði aldrei komið í varpið áður en menið týndist. Ef hægt væri að fá alt þetta vottfest, væru fáar sögur sem sönnuðu eins vel fjarskyggni Jóa.

Ég hefi nú reynt að fá sögu þessa staðfesta bæði með því að skrifa Víglundi [...] Helgasyni og biðja hann að inna móður sína eftir þessu og eins með því að skrifa manni einnar Hofssysturinnar, en hvorugir þessara manna hafa svarað mér og er þó langt um liðið, síðan ég skrifaði þeim.” Drauma-Jói (1915), LBS. 417. NF, bls. 85.a.

frá, eftir því sem ég man.“ Vert er að hafa í huga að atvik sögunnar gerðust 33 árum áður en Ágúst ritaði bókina. Hin vottunin er frá tveimur mönnum „sem raunar voru hvorki sjónar né heyrnarvottar að atburðunum“, ³⁰ sem votta að hafa heyrt í sínu ungdæmi söguna um að hrútarnir hefðu fundist eftir tilvísun Drauma-Jóa.

Ágúst álitur það vera trúverðuleikavottorð þegar menn skrifa á blað að þeir hafi heyrt söguna í sínu ungdæmi og þá álitid hana sanna. Hann rekur líka nöfn fleiri aðila sem heyrdðu söguna og votta hana sannleikanum samkvæma en komu þó ekki sjálfir að atvikunum.

Í sögu 29 *Segir fyrir skipskomu*, sem S. P. Sivertsen hefur eftir Drauma-Jóa er útgerðamaðurinn *Kristján Jónsson* orðinn leiður á að bíða eftir strandferðaskipinu *Mjölni* og óttast að það leggi ekki að í Þórshöfn að þessu sinni. Hann sendir vinnumann sinn, *Gísla*, á fund Drauma-Jóa til að fræðast um ferðir skipsins, og um nóttina segir hann að skipið muni koma eftir einn dag. Það gengur eftir. Að þessari sögu er útgerðarmaðurinn *Kristján Jónsson* sjálfur vottur, og hann bætir því við söguna að Drauma-Jói hafi vitað hvar skipið var statt þegar hann var spurður um ferðir þess og hvernig maðurinn í brúnni leit út. Einnig vottar *Dr. phil. Guðmundur Finnbogason* um sannleiksgildi sögunnar, en hann var um borð í skipinu og frétti er hann kom í land að menn vissu af ferðum þess, þökk sé Drauma-Jóa.³¹ Ef vottun manna sem komu að sögunni hefur sönnunargildi þá er það betra hér en í sögu 1. Á móti kemur að ef einhver er spurður um komu skips sem von er á og hann segir að það komi á morgun, þá eru líkurnar ágætari á því að hann hafi rétt fyrir sér. Sagan sjálf, hvort sem hún er sönn eða ekki, hefur því ekki innihaldslega séð vægi er kemur að því að sanna eða afsanna fjarskyggningáfu hjá Drauma-Jóa.

Af sögunum þrettán sem Ágúst telur sannar hefur hann fimm eftir Guðrúnu Björnsdóttur, þeirri er fyrst sagði honum frá Drauma-Jóa, og þekkti sjálf til hans. Þó er ekki að sjá að sönnunaraðferð Ágúst sé svo einföld að sögunnar virðist sannari eftir því sem hann þekkir sögumanninn betur því Guðrún á líka fimm sögur í bókinni sem ekki eru á listanum með sönnu sögunum. Í sögu 13; *Budda séra Vigfúsar*, sem Guðrún segir, lýsir Drauma-Jói nákvæmlega hvar tómbuddan er, og hver tók hana, og hvar peningarnir eru. Hann lýsir jafnvel aðförum vinnukonunnar sem er að leita að buddunni eftir lýsingu hans, og leiðbeinir henni enn frekar þar til peningarnir finnast. Það sem er athyglisvert við söguna er að hún er höfð

³⁰ Drauma-Jói (1915), bls. 54.

³¹ Þarna tengjast báðir fyrstu sálfræðidoktorar Ísland Drauma-Jóa í skýrslunni og er spurning hvort þetta hafi verið í fyrsta skipti sem Guðmundur frétti af Jóhannesi, en hann átti þátt í rannsókn á honum tveimur árum síðar, eins og komið er fram.

eftir þremur ólíkum aðilinum, þeim *Guðrúnu Björnsdóttur frá Presthólum*, ungrú *Halldóru Björnsdóttur frá Presthólum* og *Mekkinu Jónsdóttur*,³² og er munur á söguatriðum eftir sögumönnum. Til dæmis virðist Drauma-Jói hafa nafngreint þjófinn í sögunni sem Guðrún segir og jafnvel tekið svo til orða; „*Hann væri heppinn, ef hann kæmist ekki einhverntíma undir manna hendur, pilturinn sá.*“³³

En vinnukonan Mekkin Jónsdóttir frá Bakkagerði var líka á fótum þessa nótt, ef marka má sögurnar, og í hennar frásögn þá spyr hún Drauma-Jóa hver þjófurinn er:

„*Mekkin: Hver tók peningana?*“

Jói: Það vil ég ekki segja. Aldrei segja neitt um náungann, sem getur svert hann.“³⁴

Til viðbótar við þetta misræmi milli sagna af sama atburði bætist að ekki eru sögumenn sammála um hverjir voru á fótum þessa nótt. Til dæmis minnir Vigfús, eiganda buddunnar sem allt snýst um, að hann hafi sjálfur spurt Jóa um hvar hún gæti verið, en þannig segja hvorki Guðrún né Mekkin söguna. Í frásögnum þeirra kemur eigandinn ekki nálægt leitinni. Ágúst telur söguna vottaða af Guðrúnu, Vigfúsi, Mekkin og Jóni Jónssyni mági Mekkinu og tekur hana trúanlega, óháð útgáfum hennar, og hver sé sú réttasta. Hann íhugar þó annan möguleika:

„*En þá er að eins eftir að vita, hvort Jói hafi sjálfur vitað nokkuð um budduna eða afdrif hennar, áður en hann sofnaði. Þetta gæti sem sé verið, þar sem alt þetta fer fram á sama bænum.*“³⁵

Hann svarar ekki spurningunni sem er fólgin í hugleiðingunum.³⁶ En hér er hann í nágrenni við möguleikann á að Drauma-Jói hafi stundum vitandi eða óafvitandi verið þátttakandi í flóknu samskiptamunstri. Samskiptamunstri sem grundvallaðist á að einhver (eða einhverjir) notfærði/u sér hinn sérstaka eiginleika hans að tala upp úr svefni við menn og orðsþorið sem af honum fór. Þetta kynnu menn að hafa getað gert í því augnamiði að koma sér úr klípu,³⁷ að koma öðrum í klípu, eða til að koma á kreik góðri sögu sem færi víða um sveitir.

³² Drauma-Jói (1915), bls. 91. Frásögn hennar kemur með bréfi (skýrslu) frá Ameríku, skrifuðu af Jóni Jónssyni frá Sleðabryjót mági hennar og fyrrverandi alþingismanni. Óljóst er hvort hann skrifaði þetta fyrir hana eða hafði þetta eftir henni.

³³ Drauma-Jói (1915), bls. 88. Hafi hann sagt þetta upp úr svefni er hann þar á heimavelli undirvitundarinnar að fella siðferðisdóma yfir mönnum í anda yfirsjálfsins, svo hugtök frá Sigmund Freud séu notuð.

³⁴ Drauma-Jói (1915), bls. 92.

³⁵ Drauma-Jói (1915), bls. 92.

³⁶ Hann virðist ekki eiga við að hugsanlega sé Drauma-Jói sjálfur þjófurinn, en samt sem áður er það einn túlkunarmöguleikinn.

³⁷ Til dæmis losa sig við þýfi.

Í sögu 11 *Sér kofortin á Húsavík* greinir frú Guðrún frá því að er hún og maður hennar bjuggu að Sauðanesi fengu þau til sín vinnukonu frá *Benedikti Kristjánssyni í Múla, Gunnhildi Bjarnadóttir* að nafni, en vegna slægrar færðar voru kofortin hennar send síðar með skipi. Þegar kofortin virtust hafa glatast á leiðinni var leitað ráða hjá Drauma-Jóa, sem gat staðsett þau nákvæmlega á Húsavík, þótt þangað hefði hann aldrei komið. Um söguna segir Ágúst:

*„Saga þessi sýnir nú, að Jói hefir ekki einasta getað skygnst aftur í tímann, heldur og, að hann hefir þarna skygnst lengra en nokkurt auga nær.“*³⁸

Ágúst hefur söguna eftir þeim er leituðu til Jóa eftir hjálp, og er auk þess vottuð sönn mörgum árum eftir að atvikin áttu sér stað af vinnukonunni sjálfri og manni hennar, *Oddi Gunnarssyni*, þótt hann komi ekki fyrir í sögunni. Hans vottun virðist felast í að staðfesta að kona hans segi satt og rétt frá einhverju sem hann veit í sjálfu sér lítið sem ekkert um.

Við sönnun þessarar sögu er komist eins langt og hægt verður með sönnunaraðferð Ágústs, því aðilar að sögunni segja hana og ef aðferðin er viðurkennd má taka næsta skref og álykta; fyrst það sem sagt er frá hér er satt og rétt er til fjarskyggni og Drauma-Jói bjó yfir henni þegar atvik sögunnar áttu sér stað.

En lesandi gæti þó rétt eins hugsað með sér að um góða ágiskun hjá Drauma-Jóa hafi verið að ræða. Sá möguleiki á við allar sögurnar. Þegar talað er um ágiskanir þá þyrfti að taka með í reikningin öll þau skipti sem Drauma-Jói var spurður og svaraði rangt, en litlar heimildir eru til um þau tilfelli, nema helst úr áður nefndu tilraununum sem gerðar voru á honum. Þetta hefur þó líklega mjög oft gerst því menn höfðu það að dægrastyttingu að spyrja hann út úr í svefni.³⁹ Ef fjöldi slíkra tilfella væri þekkt stærð þá væri hægt að meta hve oft væri líklegt að hver sem kunnugur væri staðháttum á Langanesi á þessum tíma, eða öðrum áþekktum staðarháttum á öðrum tíma, gæti giskað rétt á hluti líka þeim er Drauma-Jói var spurður um. Ef slíkur aðili skoraði mun lægra en Drauma-Jói segði það sína sögu, ef hann skoraði á móta hátt segði það aðra sögu. Aðferðin gæti gert nauðsynlegt viðmið.

Í aðferð Ágústs hvílir sönnunabyrðin öll á sögum því tilraunir mæla gegn þeirri niðurstöðu að Jói hafi búið yfir fjarskyggnigáfu. Og þar sem beinar tilraunir misheppnuðust eykst krafan um sönnunargildi sagnanna. Enda bætir Ágúst við efni. Sönnunabyrðin í allri bókinni byggir ekki aðeins á sögunum af Drauma-Jóa. Kaflinn sem lýsir tilraununum sem Ágúst framkvæmdi á honum endar á svofelldum orðum:

³⁸ Drauma-Jói (1915), bls. 84.

³⁹ Drauma-Jói (1915), bls. 75.

„Nú munu raunar sumir segja, að þetta sé þarfleysa, því að gáfa þessi sé alls ekki til. Til þess að svara þessum mönnum og öðrum, sem jafnan hafa sleggjudóma sína á reiðum höndum, skal ég nú að lokum skýra frá nokkrum erlendum tilraunum, er gerðar hafa verið við menn í dáleiðsluástandi.“⁴⁰

Hér notar Ágúst orðið *tilraunir* um verklag erlendra aðila við að sanna fyrirbæri eins og fjarskyggni, en í augum nútímamanna kann það að virka sem ónákvæm lýsing. Kafli V, *Erlendar tilraunir*, er mestmegnis sögur þar sem einkennilegir hlutir tengdir fjarskyggni eiga sér stað, og taldir fram ábyrgir vottar að þeim. Þannig er Ágúst ekki einn um að kalla það tilraun sem yrði í dag öllu heldur kallað gagnaöflun. Hugtakið *sönnun* getur í huga Ágústs þýtt að lagt hefur verið fram vottfest skjal áreiðanlegra vitna (sem þó eru ekki endilega beinir aðilar að sögunni). Ef sönnunin væri ekki gild þýddi það að vottarnir væru ekki menn orða sinna. Í dag, á tímum afstæðishyggu, gæti áþekkt skjal verið túlkað sem svo að þótt menn tryðu því sem þeir segðu þá væri samt ekki víst að það væri rétt. Vottunarskjalið yrði séð sem túlkun einstaklinga sem sjálfsagt væri að kanna frekar en ekki niðurstaða úr vísindalegri tilraun.

Hugleiðingar

Íhuga má þann möguleika að trúin á mátt Drauma-Jóa hjálpi þeim sem tala við hann til að greiða sjálfir úr hlutum, því spurningar leiða til bollalegginga og samtala manna á milli, og einhvers staðar í ferlinu getur lausnin átt til að koma fram. Svo mikið er víst að Drauma-Jói var notaður stundum til afþreyingar af fólki:

„Þegar hann var kominn heim frá sauðunum og hafði neytt matar, lagði hann sig venulega út af. Þá höfðu menn það venjulega sér til skemtunar að spyrja hann, er hann var sofnaður.“⁴¹

Út frá þessu sjónarhorni væri Drauma-Jói eins og lykilþáttur í ferli sem fólk hefur ratað á til að leysa úr vandamálum, ferli sem menn eru þó líkast til mis meðvitaðir um hvernig virkar.

Nærri slíkum hugleiðingum er möguleikinn á að „frægð“ Drauma-Jóa, sem var orðin töluverð þegar hann var á þrítugsaldri, hafi dregið að fólk með einhverskonar „plott“, sem vildi taka þátt í undrinu, og fá þar með nokkra athygli fyrir vikið. Skýringamöguleikar sem þessir gera að verkum að í nútímasamhengi hefðu frásagnasannanir ekkert gildi, og mundu í mesta lagi hvetja til frekari rannsóknar. Möguleikar sem þessir eru Ágústi ekki framandi:

⁴⁰ Drauma-Jói (1915), bls. 205.

⁴¹ Drauma-Jói (1915), bls. 57.

„Hinn möguleikinn er sá, að einhver hafi, Ingibjörg þessi eða aðrir, tekið nálhúsið traustataki, falið það eða týnt því og fundið það aftur svona útlítandi þarna undir steininum, en búið svo til söguna utan um þetta og sent frú Guðrúnu, þegar hann eða hún er farin.“⁴²

Eftir þessar hugleiðingar tekur Ágúst þó skýrt fram að honum þyki líklegra að ekki hafi verið höfð nein brögð í tafli.

Bréfaskrif

Drauma-Jói var kunnur áður en Ágúst gerði rannsókn á honum og frægð hans minnkaði ekki við hana. Ýmsir aðilar skrifuðu um hann eða sögðu fjölmiðlafólki sögur af honum, sögur sem gjarnan höfðu sama blæ og sögurnar í bókinni, þar sam hann fann glataða hluti fyrir sveitunga sína. Slíka sögu er til að mynda að finna í tímaritinu Morgninum 1943, en þá sögu má segja að sé stöðluð Drauma-Jóa saga, eins og þær tóku á sig mynd, kannski undir áhrifum frá eldri sögum, af honum, eftir að hann varð goðsagnapersóna í sveitinni. Hólmsteinn Helgason segir í minningarorðum um Drauma-Jóa í Árbók þingeyinga 1985, um sögurnar af vini sínum, eins og þær birtast í bók Ágúst H. Bjarnasonar: “Ég hefi haft með höndum eintak þar sem er margt af sögum frá Drauma-Jóa, en sumar nokkuð aflagaðar frá því sem ég heyrði í fyrstu á mínum unglingsárum og þá ekki mjög margra ára gamlar.”⁴³

Í Morgninum segir sögumaðurinn frá því þegar Drauma-Jói kemur í árlega heimsókn til afa hans, vinar síns, bóndans Jakobs Jónassonar á Gunnarsstöðum í Skeggjastaðahreppi, þegar sögumaðurinn er þar níu eða tíu ára gamall. Til marks um hvernig sögurnar af Jóa berast á undan honum og móta kannski hver aðra er að hann segir: “Raunar höfðum við heyrt margar furðusögur af Jóa, en það vakti eftirtekt mína og gerði atvikið frá byrjun minnisstætt.”⁴⁴ Þetta gefur til kynna að fólk hafa verið með væntingar um að eitthvað furðulegt mundi gerast, þegar von var á Drauma-Jóa í heimsókn. Í sögunni biður bóndinn Jóa um að hafa í huga, þegar hann leggst til svefns, vasahníf sem hann hafði týnt við að sleppa villtum lömbum hjá mæðrum sínum uppi á heiði. Hnífurinn sem var minjargjöf, var með silfurskefti, og eftirsjá í honum. Drauma-Jói tók dauflega í þessa beiðni, en um leið og hann var sofnaður settist bóndinn hjá honum og spurði út í hvar hnífurinn var að finna. Sögumaður man glögg að Jói svarar: “Það er þarna djúp gróf, með vallendisbökkum á báðar hliðar, og hnífurinn liggur austan í grasþúfu á

⁴² Drauma-Jói (1915), bls. 127.

⁴³ Hólmsteinn Helgason (1985), bls. 161.

⁴⁴ Jakob Jónasson (1943), bls. 81.

vesturbakka grófarinnar. [...] Það er þarna leirflag í norðurbakka árinna, og stór, einkennilegur steinn á hæð í suðri. Í vestri sé ég lágan hól með grænni hundapúfu, og í austri leirtjörn með örlitlum hólma, en hann ber í oddmyndaðan tanga, sem gengur út í tjörnina austaverða.”

Þessi mörgu, og ekki sérlega minnisstæðu orð, eru sögumanni í barnsminni, segir hann. Kannski gefur það til kynna að helgisagan um Drauma-Jóa, og það að vera hluti af henni, tengist landinu, nánnum lýsingum á því, lýsingum sem maður man áratugum saman. Lýsingum sem eru samgrónar manni og gera mann þannig hluta af litlu kraftaverki. Hér má íhuga hugmyndir um tengsl sálarinnar og landsins, en á sálnaflakki sínu í draumum getur Drauma-Jói þekkt hverja gróf og lautu í landslaginu, og gengið þar fram á glataða hluti, jafnvel leynda undir einhverju sem hefur fokið yfir þá. Þetta gæti gefið til kynna að landið sé lifandi vera sem hann er í beinu sambandi við í gegnum drauma, sem leiðir hugann að hugmyndum um jörðina í heild sem lifandi, sem einskonar guð, sem miðlar upplýsingum til Drauma-Jóa, fremur en hinn dauði, týndi hlutur.

Morguninn eftir spyrja þeir drengurinn og bóndinn Jóa um drauma hans um hnífinn, en kvað hann það allt óljóst. Þetta kallast á við að það hvort Drauma-Jói mundi drauma sína tengda glötuðum hlutum vallt á þrennu:

1. Var hann beðinn um það fyrir svefninn að hafa hlutinn í huga, eða ekki.
2. Var hann vakinn strax eftir að við hann var rætt í svefni, og draumurinn rakinn, eða ekki.
3. Var draumurinn, og samtal næturinnar rætt við hann morguninn eftir eða ekki.

Þá drauma, þegar hann var beðinn um að dreyma ákveðið efni, og var vakinn strax eftir samtal í svefni um þá, mundi hann best, en hina dauflega eða alls ekki. Um þetta segir Hólmsteinn Helgason, vinur Drauma-Jóa á efri árum, í Árbók þingeyinga: “Drauma-Jói mundi flestalla drauma sína þá er einhverju varðaði til elliára. En þeir draumar hans sem hann mundi ekki og vissi ekki um, virðast helst hafa verið undir þeim kringumstæðum að hann hafi ekki vaknað þegar hætt var að spyrja hann sofandi, og heldur ekki verið fengið leyfi hans til að spyrja hann.”⁴⁵

Í bréfi Drauma-Jóa sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins 1936, og er líkast til gert með hjálp ritara,⁴⁶ fæst innsýn í líf hans á efri árum á Þórshöfn. Hann segist vera betri til heilsunnar

⁴⁵ Hólmsteinn Helgason (1985), bls 175.

⁴⁶ Ágúst H. Bjarnason (1936), bls. 228-229. Í bréfinu segir: “Oft hefi jeg óskað þess, að mjer hefði verið kennt að draga vel til stafs í stað þess að láta mig þylja langa kverið án þess að mega anda, spjaldanna á millum.”

en þegar þeir Ágúst gerðu tilraunirnar á Vopnafirði, að minni hans sé ágætt hvað varðar æskuna. Varðandi félagslífið segir hann: "...og er mér óhætt að fullyrða, að allir Þórshafnarbúar sjeu vinir mínir og kunningjar, sem rífast um að gefa mjer að borða, og hafa mig með á flestum tyllidögum." Þessi lýsing kallast á við að þegar hann lést 7 árum síðar kom um það dánartilkynning á baksíðu Morgunblaðsins þar sem sagði að heiðursborgari Sauðnesshrepps Jóhannes Jónsson, væri látinn, 83 ára að aldri.⁴⁷ Þegar hann varð áttæður flutti hreppsstjórinn Halldór Benediktsson á Hallgilsstöðum frumsamið afmælistvæði honum til heiðurs: "... vor aldri þulur, heiðursgestur kær/sem lifað hefir áttatíu árin/og alltaf staðið hjarta voru nær."⁴⁸ Í kvæðinu er talað um að hann hafi uppskorið sem hann sáði, en hann virðist hafa sáð í trú á undarlega handaheima, og hafa uppskorið álit samtímamanna sem litið hafa á hann sem andlegan meistara. Menn hafa leitað til Jóa með margskonar vandræði sín þótt hann væri kominn til ára sinna: "Ég sem þetta rita veit a.m.k. um eitt dæmi þess að hann gat látið sig dreyma um bát sem óttast var um í vondu veðri. Stóð allt heima sem Jóhannes sagði um það atvik. Þá var hann um það bil 73 ára að aldri."⁴⁹

Hin staðlaða Drauma-Jóa saga, og staðsetning hans innan þjóðtrúarinnar, er allt þannig nokkuð fast mótað, og passar vel inn í samfélagið. Lítið er til af annarskonar draumum frá honum, og persónulegri, þar sem hann er ekki að hjálpa sveitungum sínum. Þó sendir hann Ágústi H. Bjarnasyni einn slíkan draum, óumbeðinn, sem svo birtist í Lesbókinni ásamt bréfi Drauma Jóa. Sá draumur er það sérstakur og persónulegur, samanborið við aðra drauma Jóhanns, að réttast er að birta hann í heild sinni:

"Veturinn 1931 dreymdi mig eftirfarandi draum. Mjer fanst jeg vera staddur á hæð nokkurri (sjónarhæð), og fór jeg að skygnast um, hvort jeg þekti mig á þessum drauma-stað. En það var ekki. Jeg horfði lengi yfir umhverfið, og gat að líta hið neðra velli fagra og sljetta, prýdda þeim gróðri, er mjer virtist fullkomnari en jeg og við Norðlendingar eigum að venjast. Hið efra var að líta heiðan himin og í fjarska hafið bjart og töfrandi. Í draumnum leið mjer ekki sem best í fyrstu, vegna þess að jeg hafði áhyggjur af því að vera á ókunnum stað, þar sem ekki gat að líta nein vegsummerki mannabygða. Þegar jeg er búinn að litast um þarna æðilengi, finst mjer alt í einu, að jeg verða laus frá hæðinni og svífa upp í loftið blátt og unaðslegt, án

⁴⁷ Morgunblaðið (1943), bls. 12. Í dánartilkynningunni sagt frá að Ágúst H. Bjarnason hafi rannsakað Drauma-Jóa fyrir Sálarrannsóknarfélagið breska, en ranglega sagt að athyglisverðustu draumar hans hafi tengst Njálssögu. Þar er honum ruglað við Hermann Jónsson.

⁴⁸ Halldór Benediktsson (1985), bls. 153.

⁴⁹ Hólmsteinn Helgason (1985), bls. 175.

vængja, og skildi jeg ekkert, hversvegna hinn jarðbundni líkami minn væri nú alt í einu orðinn svo ljettur. Umhverfið víkkaði stöðugt og sjóndeildarhringurinn varð víðsýnni. Jeg sá báta og skip á hafinu, og altaf fanst mjer leið mín liggja lengra og lengra upp í loftið, og svo langst var jeg kominn, að jeg eygði ekki lengur neitt hjer á jörðunni. Þá þótti mjer loftið svalara.

Áður en jeg áttaði mig, var jeg kominn að stafni húss nokkurs, er mjer virtist vera bygt úr gleri, og fanst mjer húsið standa í loftinu. Áleit jeg, að hús þetta væri bygt úr hugarafli, því í svefninum mundi jeg eftir ýmsum bókum, er jeg hefi lesið um andleg efni. Stærð hússins virtist mjer svo mikil, að jeg sá ekki, hvar það tók enda.

Þegar jeg var búinn að stanza þarna dálitla stund, fanst mjer hlið hússins lyftast upp og fólksfjöldi streyma inn, svo mikill, að nær mundi óteljandi. Ekkert þekti jeg af þessu fólki. En mjer fanst þetta fólk svífa án vængja eins og jeg sjálfur á þessu augnabliki. Fólk þetta stóð í mörgum röðum. Mjer fanst jeg altaf standa í sömu sporum. Í sal þessum sá jeg tvö borð stór. Að borðum þessum gengu 2 menn og báru sína bókina hvor. Bækur þessar voru stórar, sem mundu vera á stærð við Flateyjarbók hina nýju. Í bókum þessum voru gyltir stafir, og menn þeir tveir, er jeg gat um, fanst mjer að mundu bera af öllum þeim hóp. Fólkið talaði ekki orð, en margir gegnu til þeirra manna, sem höfðu bækurnar, og þá flettu þeir bókunum og var að sjá sem hver ætti þar sína opnu í bókinni. Síðan voru borðin tekin og mennirnir 2 fóru, og þá fanst mjer hlið hússins ljúkast upp á sama hátt og þá er fólkið kom inn. Fanst mjer fólkið leggja af stað í suðurátt, og um leið hvarf húsið sjónum mínum. Mjer fanst jeg vera nú miklu sælli en í byrjun draumsins. Jeg klauf loftið niður á við. Fyrst sá jeg ekkert til jarðarinnar. En að lokum kom jeg á sömu “sjónarhæðina” aftur. Þá fór jeg að hugsa um stefnuna heim, en við það vaknaði jeg og þá var draumnum lokið.”⁵⁰

Draumurinn er stórfenglegur og fullur af margræðum táknum, en ekki skal reynt að ráða í hann hér með það að marki að skyggjast inn í persónuleika Drauma-Jóa, enda þyrfti fleiri persónulega drauma hans til þess, sem og þekkingu á daglegu lífi hans á tímum þeirra. En það má skoða drauminn í samhengi Lesbókargreinarinnar, og líka með í huga hvers vegna Drauma-Jói sendir Ágústi hann. Það sem draumurinn segir með afgerandi hætti er að heimurinn sé andlegur, sálin lifir af líkamsdauðann, og svífi hún nægilega hátt upp eftir hann kemur hún að óendnalega stóru glerhúsi, húsi guðs, þar sem kannað er hvers eðlis líf hveðrar og einnar manneskju var – nokkuð sem gefur því merkingu að reyna að lifa góðu og réttlátu lífi.

⁵⁰ Ágúst H. Bjarnason (1936), bls. 228-229.

Draumurinn segir því í reynd að það sem Ágúst hafði vilja til að sanna með tilraununum á Jóa hafi staðist, hafi verið til. Drauma Jóa er því á vissan hátt með því að senda þennan draum, að bæta honum upp skortinn á sönnunum er kemur að tilvist sálarinnar og framhaldslífi hennar, og Ágúst, sem kemur efninu í blaðið, virðist kunna að meta þessa viðleitni. En þeir vita báðir að draumurinn hefur ekkert sönnunargildi. Drauma-Jóa segir eftir að hafa rakið drauminn: “Þennan draum segi ég meira mjer til gamans, en ég búist við, að hann hafi nokkurt vísindalegt gildi.”

Síðan koma þrjár draumar sem eru hefðbundnir Drauma-Jóa draumar, um að finna glataða lykla og gefa til kynna fjarskyggni gáfu. Ágúst hefur þá með í greininni, og birtir með staðfestingu um sannleiksgildi draumanna: “Þrjár áðurgreindar lyklasögur eru rjett hermdar. Kristín Jósefsdóttir (veitingakona). Steinþór Pálsson (vinnumaður í veitingahúsinu) man vel eftir þessu öllu.”

En þrátt fyrir að Ágúst notist við gömlu sönnunaraðferðina, að vottfesta sögurnar, virðist hann, þarna 22. árum eftir útgáfu bókarinnar, hafi fallið frá þeirri skoðun að skráning slíkra drauma sanni neitt, því hann segir í neðanmálgrein, sem athugasemd við ósk Jóa sjálfs um að hann hefði viljað hafa getað verið fær um að rita drauma sína sjálfur, líkt og Hermann Jónsson hafði gert: “Satt er það, að ólíku merkari hefði bókinn orðið, ef Jóa hefði sjálfur ritað drauma þá, sem hann dreymdi jafnóðum og hann dreymdi þá, og látið vottfesta frásögn sína **áður** en þeir komu fram. Annars gerði jeg mjer alt það far, sem jeg gat, til þess að fá bæði þá og öll atvik vottfest, en það var löngu **eftir á** og því fremur ljeleg sönnunargögn fyrir draumspeki Jóa þessi vottorð, sem jeg gat náð saman.”⁵¹

Í þessari hugleiðingu hans sér hann fyrir sér að það hefði haft meira vísindalegt gildi ef Jóa hefði skrifað draumana sjálfur þegar hann vaknaði upp af þeim, og fengið frásögn sína vottfesta strax, áður en draumarnir komu fram. Þá sér hann Drauma-Jóa fyrir sér sem vísindamanninn sjálfan, sem sjálfur aflar sannana. Þessi aðferð er ekki mjög frábrugðin þeirri sem þeir notuðu í tilrauninni á Vopnafirði, þar sem draumarnir voru jafnóðum skráðir, bara ekki af Jóa – og svo komu þeir – ekki fram. Munurinn sem hann er þá kannski allt eins að tala um er sá að ef draumar sem voru skráðir hefðu svo komið fram hefði það haft meira sönnunargildi um hæfileika Drauma-Jóa.

⁵¹ Breiðletranir eru Ágústis sjálfs.

Lokaorð

Annars vegar talar Ágúst eins og það sé úrslitaatriði að fá sönnun fyrir fjarskyggni, og má þá skilja á honum að sú sönnun tengist rannsóknum, eða tilraunum. En tilraunirnar gefa enga ástæður til að álykta sem svo að Drauma-Jói hafi búið yfir fjarskyggni, og ef tilraunin á Vopnafirði skæri úr um málið væri ljóst að Drauma-Jói bjó ekki yfir fjarskyggni. Samt ræðir Ágúst efnið eins og það sé sannað, og er það þá sagnaskoðunin ein sem styður niðurstöðuna.

“Þótt saga þessi sé stutt og ekki merkilegri að efni, er hún hin allra besta til þess að sanna fjarvísi Jóa.”⁵²

Það er flöktandi merking hugtaka á við; *rannsókn*, *sönnun*, og *tilraun* sem flækir málið. Ef átt er við rannsóknina sem framkvæmd var beint á Drauma-Jóa, (hinn *para*-sálfræðilega hluti bókarinnar) þá er niðurstaðan neikvæð. En ef talað er um rannsóknina á sögunum um Drauma-Jóa, þá telur Ágúst hinar þrettán vottfestu sögur vera sönnun fyrir fjarskyggnigáfu hans. Þannig má segja að í augum nútíma lesanda sem tæki *para*-sálfræði tilraunina aðferðafræilega gilda þá sýni Ágúst sem sálfræðingur fram á að Jóhannes Jónsson bjó ekki yfir fjarskyggnigáfu. En sem sögusafnari sem beitti þeirri aðferð að reisa sannleikskröfuna á vottunum trúverðugra vitna þá komst hann að niðurstöðu um að Jói hafi búið yfir draumskyggnigáfu. Sú niðurstaða teldist þó seint hafa fræðilegt gildi.

Rangt væri að líta svo að það sem hér hefur verið sagt um framkvæmd rannsóknar Ágúst H. Bjarnasonar á Drauma-Jóa fyrir rúmri öld sé hugsað sem gagnrýni. Sama hversu sérkennileg framkvæmd rannsókarinnar kann að virðast í augum nútímamanns, þá er hún fyrst og fremst lofsvert frumkvöðlastarf. Nauðsynlegt er að hafa í huga túlkunaraðstæðurnar sem nútíma lesandi er fastur í áður en nokkur slíkur dómur er felldur:

„Heimspeki Heideggers markaði þáttaskil í vestrænni heimspekihefð og á grundvelli hennar varpaði Gadamer nýju ljósi á túlkunaraðstæður mannsins. Manneskjan er alltaf hluti af sögunni og undir áhrifum af henni. Ætli hún að fást við að lesa og skilja texta og eigi henni að takast það verkefni verður hún að viðurkenna og vera meðvituð um þessa stöðu sína.“⁵³

Ef lesanda þykir sögusönnunaraðferð Ágúst H. losaraleg og byggja full mikið á huglægu mati er gott að hafa í huga hverjar áherslurnar voru í sálfræðinámi hans. Eins og *Sigríður Ásta Vigfúsdóttir* sálfræðingur rekur í ritgerð sinni *Ágúst H. Bjarnason og fyrsta íslenska*

⁵² Drauma-Jói (1915), bls. 102.

⁵³ Haraldur Hreinsson í: Kristinn Ólason (2012), bls. 181-204, hér bls. 201.

kennslubókin í sálfræði,⁵⁴ þá urðu til við lok 19. aldar þrjár aðferðafræðilegar hefðir í sálfræði. Það voru klíníska hefðin, hefð Galtons sem fól í sér notkun tölfræðilegra rannsókna, og svo Leipzig-hefðin sem byggði á aðferðum Wilhelm Wundts sem fékkst við rannsóknir á innra ferli hugans. Síðarnefndu rannsóknirnar fólust í að leysa margvísleg verkefni og rekja samtímis það sem fór um hugann. Framkvæmdin var með því móti að aðilar skiptust á hlutverkum rannsakanda og þátttakanda jafnóðum. Sigríður Ásta segir:

„Alfred Lehmann, kennari Ágúst, hafði lært hjá Wundt í Leipzig og notaði aðferðirnar sem hann lærði í tilraunum sínum. Ágúst tók þátt í þessum tilraunum og hann og hinir nemendurnir skiptust á að prófa hver annan líkt og Wundt hafði gert með sínum nemendum. Það má því segja að þetta hafi verið sú aðferð sem Ágúst lærði helst.“⁵⁵

Bilið á milli rannsakanda og viðfangs er afar stutt og lauslega skilgreint í aðferð Wundts rétt eins og í rannsókn Ágúst á Drauma-Jóa á Vopnafirði.

Ágúst var málsvari vísindalegra vinnubragða og „gagnrýndi til dæmis Einar H. Kvaran fyrir skort á sönnunum í bók hans Trú og sannanir, þar sem fjallað var um dulræn efni.“⁵⁶ En þegar Ágúst gagnrýnir andatrú með þeim orðum að það; „sem skýri allt jafn léttilega, skýri í raun réttir ekki neitt,⁵⁷“ er það ekki vegna þess að hann trúir ekki á neitt fyrir handan, því sjálfur var hann únitari með áhuga á sálarrannsóknum,⁵⁸ heldur snýst deilan um hvernig þar er umhorfs og hvernig er best að rannsaka það. Og hann virðist hafa trúað á það sem Thomas S. Kuhn mundi kalla markmiðspróun vísindanna,⁵⁹ því að vísindin stefndu að glæstum sigrum er tengdust grundvallarspurningum mannglegrar tilvistar. Fyrir Ágústi virðist margt fylgja því að geta sannað fjarvísi Jóhannesar Jónssonar:

“Og fjarvísigáfan sjálf gefur oss í raun réttir miklu meiri átyllu til að mega treysta því, að sálin geti lifað líkamsdauðann en öll svonefnd andartrúar-fyrirbrigði.“⁶⁰

⁵⁴ Sigríður Ásta Vigfúsdóttir (2013).

⁵⁵ Sigríður Ásta Vigfúsdóttir (2013), bls. 25.

⁵⁶ Sigríður Ásta Vigfúsdóttir (2013), bls. 36.

⁵⁷ Drauma-Jói (1915), bls. 21.

⁵⁸ Pétur Pétursson (2011), bls. 313. Einnig segir í bók Péturs: „Ágúst hafði sjálfur áhuga á sálarrannsóknum, en hafnaði þeirri kenningu að á bak við miðlafyrirbærin stæðu sálir látinna manna.“ Bls 315. *Únitarismi* tengist kristinni guðfræðihreyfingu sem er á þeirri meiningu að Guð sé ein heild, en ekki þrískiptur og gengur þannig gegn þríeiningarhugmyndinni um Guð. Únitarar álíta Jesú hafa verið innblásinn af guði en ekki son hans. Þeir hafna ýmsum hugmyndum hefðbundinnar kristinnar guðfræði, eins og hugmyndinni um erfðarsynd. Unitarianism (2016).

⁵⁹ „Öll höfum við vanist því að líta á vísindin sem einmitt það viðfangsefni sem miðar sífellt nær einhverju markmiði sem náttúran hefur ákvarðað fyrirfram. [...] Að margra mati var það mikilvægasti en mest fráhrindandi þátturinn í kenningum Darwins að hann snéri baki við svona markmiðspróun.“ Kuhn, Thomas S (2015), bls. 338/9.

⁶⁰ Drauma-Jói (1915), bls. 223.

Ágúst virðist leggja undir í könnun sinni undirstöðuatriði trúarlegrar heimsmyndar og vonast til að geta varið klassíska hugmynd um sál og möguleika hennar til framhaldslífs.⁶¹ Hann er uppi á tímum þegar söguleg skil hafa orðið milli rökhyggju og trúarbragða,⁶² skil sem margir reyna að bregðast við. Sjálfur gerir hann það með þeim hætti að reyna að skýra andlegan veruleika með röklegum hætti. Átök samtíma hans hverfast nokkuð *“um tilkall ólíkra orðræðna nútímans – spíritisma, djúpsálfræði og segulmagnsfræði – til vísindalegs þekkingargildis.”*⁶³

Sú margvíslega viðleitni á fyrstu áratugum tuttugustu aldar til að samræma trú og vísindaleg vinnubrögð skilaði að lokum litlu: *“Sálarrannsóknirnar hafa ekki skilað þeim niðurstöðum sem Haraldur og félagar hans vonuðust eftir að mundu renna stoðum undir starf kirkjunnar og framfarir í guðfræði.”*⁶⁴

Sem fyrsti sálfræðidoktorinn er Ágúst einstakur en sem borgari í landinu er hann almennur þátttakandi í andrúmi þar sem íslensk borgarastétt er að myndast og finna sín gildi, ekki síst í gegnum dulspekina. Inn í sjálfsmyndarsköpun borgarastéttarinnar blandast sjálfsmyndarleit þjóðar í baráttu fyrir auknu sálfræði en efnivið í hana má finna í þjóðlegum arfi: *„Undir þessum hugarheimi borgaralegrar smekkvísi má þó jafnframt greina leit að tengingu við líf íslenskrar alþýðu fyrr á tímum.”*⁶⁵

Þáttur Ágústs í þessum hræringum er í senn að reyna að láta vísindalega orðræðu, jafnt sem þjóðlega og trúarlega, mætast í texta sem við viðurkennum sem eðlilegan og réttan. Hann reynir með vísindalegri orðræðu síns tíma að koma til móts við þjóðlegan sagnaarf,⁶⁶ alþýðutrú á drauma, og trúarbrögð almennt með því að reyna að sanna tilvist sálarinnar. Ef hann væri skoðaður sem dulspekingur þá mætti líta svo á að með bókinni um Drauma-Jóa hafi hann

⁶¹ Áþekka afstöðu mátti sjá hjá frönskum vísindamönnum nokkrum árum fyrr samkvæmt: Lachapelle, Sofie (2011), bls. 63.

⁶² „By the end of the nineteenth century, the world-historical process of modernization that Weber called rationalization had apparently secured the emergence of secular subject within a largely secularized culture. While this did not necessarily mean the erosion of individual religious faith per se, it did signal the accomplishment of a modern separation of reason and faith [...] and a serious decline in the power and centrality of organized religion.“ Owen, Alex (2004), bls. 245.

⁶³ Benedikt Hjartarson (2015), bls. 253.

⁶⁴ Pétur Pétursson (1999), bls. 26.

⁶⁵ Pétur Pétursson (1999), bls. 259.

⁶⁶ Fyrir utan að sögusafnið um Drauma-Jóa er gott dæmi um safn alþýðufrásagna, þá vitnar Ágúst í Þjóðsögur Jóns Árnasonar þegar hann tekur dæmi um menn sem búið hafa yfir fjarvísi í gegnum tíðina: Drauma-Jói (1915), bls. 10.

þjónað hlutverki dulspekinnar ágætlega ef gengið er út frá hvert *Kocku von Stuckrad* telur það vera:

„... er dulspekin mikilvægt svið innan hugmyndaheims nútímans, sem felur í sér margbrotna orðræðubundna miðlun milli ólíkra sviða evrópskrar menningar, einkum á milli sviða trúarbragða, náttúruvísinda, heimspeki, bókmennta og lista.“⁶⁷

Ef leita ætti eftir hliðstæðu við Ágúst H. Bjarnason eins og hann birtist í *Drauma-Jóa* í samtíma hans þá á hann merkilega margt sameiginlegt með Helga Pjeturssyni, bæði almennt og í dulspekilegum efnum. Báðir eru þeir fyrstu íslensku doktorarnir á sínu sviði, eru viðloðandi dultrúarhreyfingar sinnar samtíðar og undir greinilegum áhrifum frá þeim í textum sínum tengdum dularfræðum. Báðir leggja þeir verulega áherslu á drauma og þjóðleg fræði í dulspekilegum hugleiðingum sínum, sem og vísindilegri nálgun, báðir telja vitundina vera óháða líkamanum, báðir hafa áhuga á sálinni sem orku; Helgi talar um *lífgeisla*⁶⁸ en Ágúst um *sálarorku*⁶⁹. Og báðir fara þeir algerlega sínar eigin, frumlegu en umdeilanlegu leiðir við að finna orðræðuátökum samtímans farveg í dulfræðitengdum verkum sínum.

Heimildir

Ágúst H. Bjarnason. (1915). *Drauma-Jói. Sannar sagnir af Jóhannesi Jónssyni frá Ásseli, tilraunir o.fl.* Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.

Ágúst H. Bjarnason. (1915). *Drauma-Jói. Sannar sagnir af Jóhannesi Jónssyni frá Ásseli, tilraunir o.fl.* Handrit. LBS. 417. NF. Handritadeild Landsbókasafnsins.

Ágúst H. Bjarnason. (1936, 19. júlí.) Skemmtilegt sendibrjef frá Dauma-Jóa til Ágúst H. Bjarnasonar, prófessors. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 228-229.

Benedikt Hjartarson. (2015). Bak við skýlu skilningarvitanna. Um andatrú, vísindi og firðmörk sálna. Í Karlotta J. Blöndal (ritstjóri), *Raddað myrkur* (bls. 249-264). Reykjavík: Harbinger.

Halldór Benediktsson. (1985). *Drauma-Jói áttæður. Árbók þingeyinga*, 26(1), 153-154.

Kristinn Ólason, Ólafur Egilsson, Stefán Einar Stefánsson (önnuðust útgáfu). (2012). Afmælisrit til heiðurs Gunnlaugi A. Jónssyni sextugum. Haraldur Hreinsson, *Orðræða um áhrifasögu*, bls. 181-204. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hólmsteinn Helgason. (1985). *Drauma-Jói. Árbók þingeyinga*. 26(1), 155-176.

Kuhn, Thomas S. (2015). *Vísindabyltingar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2015.

⁶⁷ Benedikt Hjartarson (2015), bls. 254.

⁶⁸ Pétur Pétursson (2012), bls. 107.

⁶⁹ Sigríður Ásta Vigfúsdóttir (2013), bls. 34.

Lachapelle, Sofie. (2011). Investigating the Supernatural. From Spiritism and Occultism to Psychical Research and Metapsychics in France, 1855-1931. *The American Historical Review*, 117(2).

Loftur Reimar Gissurarson, Erlendur Haraldsson. (2001) History of Parapsychology in Iceland. *International Journal of Parapsychology*, 12(1) 2001, bls. 29-50.

Owen, Alex. (2004). *The Place of Enchantment. British Occultism and the Culture of the Modern*. Chicago/London: The University of Chicago Press.

Pétur Pétursson. (2011) *Trúmaður á tímamótum. Ævisaga Haralds Níelssonar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Pétur Pétursson (ritstjóri). (1999). *Það er yfir oss vakað*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Pétur Pétursson. (2012). Nýalism og dulspeki. Hugmyndafræði íslenskrar borgarastéttar á öðrum og þriðja áratug 20. Aldar. *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 35(1), 100-118.

Sígríður Ásta Vigfúsdóttir. (2013). *Ágúst H. Bjarnason og fyrsta íslenska kennslubókin í sálfræði* (Lokaverkefni til BS- gráðu. Sálfræðideild. Heilbrigðisvísindasvið) Háskóla Íslands, Reykjavík.

Jakob Jónsson. (1943). Drauma-Jói. *Morguninn*. 24(1), 80-83.

Morgunblaðið. (1943). Drauma-Jói látinn. 7. Nóv.

Vefheimildir.

Ágúst H. Bjarnason. (2018) *Wikipedia*. Sótt 20. apríl. 2016 af https://is.wikipedia.org/wiki/%C3%81g%C3%BAst_H._Bjarnason

Ágúst H. Bjarnason. (2011) *Vísindavefurinn*. Sótt. 20. apríl. 2016 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=61377>

Guðrúnu Björnsdóttir. (2010) *Wikipedia*. Sótt 21. apríl. 2016 af https://is.wikipedia.org/wiki/Gu%C3%B0r%C3%BAn_Bj%C3%B6rnsd%C3%B3ttir

Icelandic Roots. (2018) *Ættfræðivefur vestur-Íslendinga*. Sótt 3. maí. 2018 af <https://www.icelandicroots.com>

Indriði Indriðason. (2008). Morgunblaðið. Sótt 2. maí. 2018. Af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1229524/>

Unitarianism. (2016) *Wikipedia*. Sótt 24. apríl. 2016 af <https://en.wikipedia.org/wiki/Unitarianism>